



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

67. fundur

**Fundur haldinn í stjórn Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur,
miðvikudaginn 12. júlí 2023 kl. 11:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs.
að Flugvöllum 33, Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Úlfar Lúðvíksson, Gunnar Axel Axelsson, Fjölur Guðmundsson, Jón Guðlaugsson og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Auk þeirra sátu fundinn: Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur, Atli Geir Júlíusson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur, Einar Sveinn Jónsson slökkviliðsstjóri hjá slökkviliði Grindavíkur, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar, Einar Friðrik Brynjarsson deildarstjóri umhverfismála hjá Suðurnesjabæ, Gunnar Schram yfirlögregluþjónn, Eðvarð Bjarnason svæðisstjórn SV2, Guðbergur Reynisson frá Rauða krossinum, Páll Erland HS Veitum, Egill Sigmundsson HS Veitum, Hallgrímur Smári Þorvaldsson HS Orku, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Suðurnesja .

Sveinbjörn Indriðason frá Isavia sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Magnús Stefánsson bæjarstjóri Suðurnesjabæjar boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Aðalefni fundarins var eldgos sem hófst við Litla-Hrút á Reykjanesi 10. júlí 2023.

Dagskrá:

1. Eldgos við Litla Hrút – staða mála á vettvangi og horfur næstu daga

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri og Gunnar Schram yfirlögregluþjónn og aðgerðastjóri fóru yfir stöðuna. Mikil reynsla er komin frá fyrri gosum og hefur gengið vel. Innan tveggja sólarhringa er skipulagning og aðgerðir komnar á sama stað og eftir tvær til þrjár vikur í fyrri gosum. Aðgerðastjórn fundar daglega. Gönguleið sem opnuð var í gær er talin besta leiðin, hún er löng en tiltölulega auðfarin fyrir vant göngufólk en alls ekki fyrir alla. Kvika er komin að Keili og

gætu opnast sprungur þar á milli og því reynt að halda fólki frá því svæði. Ef mikil mengun berst yfir gönguleið þarf að loka henni. Útsýnisstaður er rétt utan skilgreinds hættusvæðis. Bæta á við mælum á svæðinu til að fylgjast með loftgæðum. Miklir gróðureldar eru á svæðinu, tvær þyrlur og tvær vatnsskjólur eru tilbúnar, einnig er tankbíll til taks ef þarf. Unnið er að því að fá nægan mannskap í gæslu og eftirlit. Beiðni hefur verið send um að fá landverði á svæðið. Umhverfisstofnun og ráðuneytið eru að vinna í að útvega landverði og hefur einn landvörður hafið störf og gert ráð fyrir að fleiri bætist við á næstu dögum. Í skoðun að landverðir verði staðsettir á svæðinu til frambúðar. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra mun, með samþykki ríkisins, kosta sérstaka vakt sjúkraflutningamanna og bíl á svæðinu. Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Suðurnesja, mun senda inn vaktaplan og áætlaðan kostnað.

Fram kom hjá Fjölni Guðmundssyni að enginn hafi verið fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vegna slysa eða annarra tilfella á svæðinu enn sem komið er, en í fyrri gosum var fólk ýmist flutt á HSS og á höfuðborgarsvæðið. Nokkur tilvik hafa komið upp á svæðinu núna þar sem fólk hefur orðið fyrir hnjaski, orðið örmagna eða fundið fyrir öndunarerfiðleikum en engin alvarleg tilfelli. Gera á efnagreiningu á reyk frá gróðureldum.

Í máli Fannars Jónassonar og Atla Geirs Júlíussonar frá Grindavíkurbæ kom fram að reynsla frá fyrri gosum nýtist vel, allir hafa gengið fumlaut til verka og vita hvað þarf að gera. Strax var farið í bílastæðamál og að stika gönguleið. Það eru margir sem koma að þessu, það þarf oft að taka ákvarðanir með litlum fyrirvara og ekki alltaf hægt að hafa samráð við alla, t.d. landeigendur, en það er reynt eftir fremsta megni. Margir eru í sumarfrí á þessum tíma og erfiðara að manna gæslu, t.d. hjá björgunarsveitum. Upplýsingar voru sendar á forstöðumenn stofnana og aðra ábyrgðaraðila hjá sveitarfélaginu varðandi viðbrögð og verklag vegna eldgossins, loftmengunar o.fl.

Páll Erland frá HS Veitum skýrði frá því að neyðarplan hafi verið virkjað vegna eldgossins. Vatnsból eru vöktuð og fylgst með hraunflæði með tilliti til Suðurnesjalínu 1. Áhyggjur eru af gasmengun sem gæti haft áhrift á störf utandyra og er fylgst vel með loftgæðum.

Hallgrímur Smári Þorvaldsson frá HS Orku sagði engar breytingar hafa orðið varðandi stöðu vatns á svæðinu vegna eldgosanna. Þetta á við um bæði heitt og kalt vatn.

Endurskoða þarf aðgerða- og viðbragðsáætlanir með tilliti til reynslunnar af eldgosum. Gera þarf áætlun vegna skemmda á innviðum, t.d. ef rafmagns- eða vatnslaut verður á svæðinu. Rætt um viðbrögð vegna loftmengunar í þéttbýli, hver á að fylgjast með og senda út viðvaranir vegna loftmengunar. Einnig vantar verklag varðandi sjúkraflutninga og landverði þannig að allt sé klárt þegar gos hefst og ekki þurfi að senda beiðni og bíða í einhverjar vikur eins og í fyrri gosum. Þó er gert ráð fyrir að þetta taki styttri tíma nú en áður og verði einungis nokkrir dagar en ekki vikur.

2. Ef gosið færast yfir sveitarfélagamörk Voga til norðurs, þarf þessi nefnd að gera eitthvað og þá hvað?

Ef eldgosíð færast til norðurs yfir sveitarfélagamörk yrði almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur kölluð saman og haft samráð við almannavarnarnefnd Grindavíkur. Líklegt er talið að gönguleið yrði áfram frá Suðurstrandarvegi, a.m.k. fyrst um sinn og væri umsjón með umferð því að mestu í höndum almannavarnanefndar Grindavíkur. Skoða þarf hvort bæta ætti Keilisveginn og þyrfti þá að hafa samráð við landeigendur. Þetta er spurning um hvar aðgengið er, bæði fyrir viðbragðsaðila og almenning. Ef aðalaðgengi yrði frá Reykjanesbraut mundi aðgerðastjórnunin færast til almannavarnarnefndar Suðurnesja. Lögregla hefur verið í sambandi við landeigendur vegna lokana á Keilisvegi og fleira og hefur samstarf verið gott.

3. Önnur mál

- Komið hafa fram athugasemdir við nokkur atriði í Reykjaneskýrslunni svokölluðu. Höfundar skýrslunnar hafa tekið vel í þær og verður hún endurskoðuð. Unnið er að minni og einfaldari útgáfu og verður hún kynnt síðsumars.
- Óskað hefur verið eftir að fá stöðugildi almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra á Suðurnesjum. Vel var tekið í málið hjá ríkislögreglustjóra og er það í skoðun hjá ráðuneyti.

Fundi slitið kl. 12:00.